

Neyðarástand í vistun geðveikra

Mál mannsins sem grunaður er um morðið á Klapparstígnum hefur þvælst um í kerfinu lengi.

LÖGREGLUMÁL Sigursteinn Másson, formaður Geðhjálpar, segir neyðarástand ríkja vegna úrræðaleysis heilbrigðiskerfisins í málum geðsjúkra. Mál Steins Ármanns Stefánssonar, sem grunaður er um að hafa stungið mann til bana í íbúð á Klapparstíg í Reykjavík á fimmtudagskvöld, hafa velkst í kerfinu lengi án nokkurrar úrlausnar. Sigursteinn segir mál af svipuðu tagi koma inn á borð Geðhjálpar í hverri viku. „Ástandið verður óviðunandi þangað til stjórnvöld horfast í augu við vandann og taka á honum. Málaflokkurinn heyrir undir heilbrigðisráðuneytið en spjótin standa einnig á félags- og dómsmálaráðherra. Það er auðvitað ríkisstjórnarinnar allrar að leysa málið. Stjórnin hefur lýst því yfir að sérstök áhersla verði lögð á málefni geðveikra en enn hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að menn ætli að standa við þau orð.“

Sigursteinn segir það hörmulegt að horfa upp á mál geðveikra enda með hörmungum og það sé ómögulegt að geðsjúkir afbrotamenn séu vistaðir í fangelsum. Hann telur Þorstein A. Jónsson, forstjóra Fangelsismálastofnunar, ekki eiga eftir að uppskera miklar þakkir frá dómsmálaráðherra fyrir að lýsa því yfir að Steinn Ármann Stefánsson hefði átt að vera undir eftirliti en hann hafi ekki fengið nauðsynlega þjónustu á stofnunum. „Okkur er kunnugt um að Fangelsismálastofnun eigi í vandræðum með að vista geðveika. Þeim finnst þetta



SIGURSTEINN MÁSSON

Segir spjótin fyrst og fremst beinast að heilbrigðisráðuneytinu en félags- og dómsmálaráðuneytið verði einnig að taka á málinu sem ríkisstjórninni ber að leysa.

alveg jafn hræðilegt og okkur hinum en úrræðaleysið er slíkt að stofnunin neyðist til að vista geðveikt fólk í fangelsum.“

Elsa B. Friðfinnsdóttir, aðstoðarmaður heilbrigðisráðherra, segir það rétt að það komi fram í stefnuýfirlýsingu forsætisráðherra að leggja beri áherslu á geðheilbrigðismál. „Fjárveiting til málaflokksins var aukin um 40 milljónir króna í kjölfarið en megnið af þeim peningum fóru í

fyrirbyggjandi aðgerðir, þannig að það getur vel staðist að Sigursteinn hafi ekki orðið var við þetta í þjónustu stofnana.“

Elsa segir vonast til þess að gagnrýni Geðhjálpar verði til þess að dómsmálaráðuneytið, Fangelsismálastofnun, heilbrigðisráðuneytið og sveitarfélögin vinni nánar saman að lausn á vistunarvandamálum geðsjúkra afbrotamanna.

thorarin@frettabladid.is